

Umsagnir

NR.	DAGS.	BRÉFRITARI	EFNI – ÁGRIP	SVÖR SKIPULAGSRÁÐS 16. ÁGÚST 2017
1	8.5.2017	Isavia, Glóey Finnsdóttir, lögfræðingur.	Engar athugasemdir gerðar en bent er á að Samgöngustofa ætti að fá tillöguna til umsagnar.	Gefur ekki tilefni til svars.
2	9.5.2017	Hafnasamlag Norðurlands, Pétur Ólafsson, hafnarstjóri.	Hafnarstjóri telur að setja þurfi kvaðir vegna Kelduhverfis um að íbúar geri sér grein fyrir nálægð við atvinnustarfsemi og því ónæði sem getur tengst viðkomandi starfsemi. Einnig er ítrekað að sendar voru inn athugasemdir þann 2. október 2015.	Tekið var mið af athugasemdum Hafnasamlagsins frá 2. okt. 2015 við frágang skipulagstillögunnar. Með endurnýtingu athafnasvæða með blandaðri byggð í nágrenni við aðra atvinnustarfsemi, sem getur haft áhrif á umhverfi sitt með lykt og hávaða, jafnvel allan sólarhringinn, er viss hætta á að íbúar muni með tímanum krefjast sömu umhverfisgæða og í íbúðarhverfum. T.d. verður unnt að vísa til reglugerða um hljóðvist í því sambandi. Við undirbúning og skipulag íbúðarbyggðar á núverandi athafnasvæðum nálægt höfninni er mikilvægt að huga að því hvernig haga megi byggð og skilmálum um íbúðarhús þannig að slík byggð þrengi ekki að svigrúmi þeirra fyrirtækja sem fyrir eru og gert er ráð fyrir að verði áfram á svæðinu. Í deiliskipulagi mætti t.d. skilgreina álags- og hléhlíðar íbúða eins og gert er gagnvart umferðargötum. Einnig þarf að kanna gildi þess að setja ákvæði um þessi mál þannig að þau haldi gagnvart hagsmunaaðilum, þ.e. að þau sérkenni og gæði sem nú er horft til með íbúðarbyggð í nábyli við höfn og atvinnustarfsemi snúist ekki upp í andhverfu sína.
3	30.5.2017	Vegagerðin, Magnús Björnsson, verkefnastjóri.	Vegagerðin gerir ekki athugasemdir við tillöguna.	Gefur ekki tilefni til svars.
4	31.5.2017	Norðurorka, Baldur Dýrfjörð, staðgengill forstjóra.	Athugasemdir eru gerðar við að í kafla 1.2 sé tekið fram að ekki verði fjallað um veitur en hins vegar fjalli skipulagið um hækkun sjávarstöðu og meðferð ofanvatns, sem tengist hlutverki veitna. Er það mat Norðurorku að taka eigi fram mikilvægi þjónustukerfa veitna sem forsendu uppbyggingar og þjónustu.	Bætt verður í forsenduhluta tillögunnar um mikilvægi þjónustukerfi veitna.
5	6.6.2017	Minjastofnun Íslands, Rúnar Leifsson, minjavörður Norðurlands eystra.	Minjastofnun fer fram á að gerð sé grein fyrir lögum um menningarminjar í skipulaginu og hver lagaleg staða þeirra húsa sé sem þar falla undir. Vitnað er til húsakönnunar sem unnin var 1990-1994 en umfjöllunin þarfnast uppfærslu m.a.	Húsakönnun er ekki unnin á þessu stigi en verður gerð sem undanfari hverrar deiliskipulagsáætlunar innan rammaskipulagsins.

			varðandi friðlýst hús og friðuð hús (>100 ár). Æskilegt er að skrá yfir hús sem verða 100 ára á skipulagstímabilinu fylgi aðalskipulagi.	Vísað til vinnslu aðalskipulags þar sem að í fylgiskjöllum verður gerð grein fyrir friðlýstum, friðuðum og umsagnarskyldum húsum.
6	2.6.2017	Umhverfisstofnun, Þórdís Björt Sigþórsdóttir og Kristín S. Jónsdóttir	Engar athugasemdir gerðar. Stofnunin fagnar auknu notagildi opinna svæða og áherslu á sjálfbærni.	Gefur ekki tilefni til svars.
7	18.5.2017	Samgöngustofa, Halldór Ó. Zoëga	Samgöngustofa gerir ekki efnislegar athugasemdir við tillöguna en bendir á að vegna nálægðar við flugvöllinn á Akureyri þarf að hafa samráð við Isavia um hæðir mannvirkja.	Gefur ekki tilefni til svars.
8	1.6.2017	Skipulagsstofnun, Guðrún Halla Gunnarsdóttir	<p>a) Á breytingarblaði aðalskipulags er blönduð landnotkun sýnd röndótt. Skv. núgildandi skipulagsreglugerð er gert ráð fyrir að landnotkun á slíkum svæðum sé sett fram í einum lit eftir ríkjandi landnotkun.</p> <p>b) „Vegna orðalags í yfirskrift á kortblaðinu [breytingarblaðinu] bendir stofnunin á að framlagt kortblað er ekki tillaga að sérstakri aðalskipulagsbreytingu heldur hluti þeirrar aðalskipulagsbreytingar sem nefnist „Rammahluti aðalskipulags Akureyrar, Oddeyri“ og þarf því að vísa á milli skipulagsgagna, þ.e. greinargerðar og kortblaðs.“</p> <p>c) Gera þarf grein fyrir samspili ákvæða á breytingarblaði og ákvæða í 5. kafla rammaskipulagsins.</p> <p>d) Eiðsvöllur er merktur sem svæði 2.11.4 S án þess að hann komi fram í töflum greinargerðar aðalskipulagsins.</p> <p>e) Ekki er gerð grein fyrir íbúðarbyggð á Eiðsvelli í greinargerð sbr. myndir á bls. 23 og 44.</p> <p>f) Skýra þarf hvaða „óbreyttu“ skipulagsákvæði gilda á leiksvæðum 2.11.5 O og 2.11.6 O en engin ákvæði eru sett þar í aðalskipulagi.</p>	<p>a) Breytt aðalskipulag er sett fram á breytingarblaði í samræmi við aðalskipulagsuppráttinn 2005-2018 sem hefur verið meginregla til þess að gæta samræmis í gögnum. Skipulagsráð sér ekki ástæðu til að breyta framsetningu breytingarblaðs.</p> <p>b) Ekki verður séð hvað átt er við. Um er að ræða formlega breytingu á gildandi aðalskipulagi Akureyrar.</p> <p>c) Meginatriði landnotkunarákvæða rammaskipulagsins verða sett inn í landnotkunartöflu á breytingarblaði aðalskipulags.</p> <p>d) Skipulagsnefnd þakkar ábendinguna. Villa er á skipulagsupprætti þar sem bókstafurinn S er í stað O á Eiðsvelli. Svæðið er tilgreint í kafla um opin svæði til sérstakra nota í greinargerð aðalskipulagsins.</p> <p>e) Ekki verður gert ráð fyrir íbúðarbyggð á Eiðsvelli. Uppdrættir á bls. 23 og 44. verða leiðréttir.</p> <p>f) Með „óbreytt“ er í gildandi aðalskipulagi átt við óbreytta landnotkun frá núverandi/þáverandi notkun. Það verður óbreytt.</p> <p>g) Ítarlega er gerð grein fyrir hindranasvæði flugvallarins og tilgreind hæðamörk á einstaka reitum þar sem það á við í rammaskipulaginu. Yfirlitsmynd hindranasvæða verður ekki læsileg nema í blaðstærð A1 eða A0. Þess í stað eru viðeigandi tölur og línur sýndar á mynd 7 á bls. 23.</p>

			g) Æskilegt er að í umfjöllun um einstaka deiliskipulagsreiti í 5. kafla sé bent á hæðartakmarkanir gagnvart flugi. Yfirlitsmynd hindranasvæða á bls. 22 mætti vera í læsilegri mælikvarða.	
--	--	--	---	--

Athugasemdir

NR.	DAGS.	BRÉFRITARI	EFNI – ÁGRIP	AFGREIÐSLUMÖGULEIKAR
1	17.5.2017	Ragnar Sverrisson	Lagt er til að hringtorg komi á mótum Glerárgötu og Gránufélagsgötu. Auk þess verði hægt að aka niður Eiðsvallagötu þegar komið er sunnan Glerárgötu. Þannig væri hægt að tengja Oddeyrina við miðbæ og efri hluta bæjarins.	<p>Í rammaskipulaginu er gert ráð fyrir að Gránufélagsgata verði gönguás, sem tengi Norður-Brekku við Oddeyri að höfn með bættu öryggi og umhverfisfrágangi.</p> <p>Með fækkun tenginga fyrir bílaumferð inn á Oddeyri var umferðaröryggi á Glerárgötu bætt verulega á sínum tíma. Jafnframt var dregið úr gegnumakstri um hverfið frá efri hluta bæjarins að höfn og athafnasvæðum á Oddeyri. Með opnun gatnamóta Gránufélagsgötu og Glerárgötu yrði hætta á aukinni bílaumferð um Oddeyrargötu og Gránufélagsgötu sem eru tiltölulega þröngar húsgötur auk þess sem gegnumakstur óviðkomandi umferðar um hverfið yrði auðveldaður.</p> <p>Ekki er rými fyrir hringtorg með tveim akreinum á þessu svæði en gera þarf ráð fyrir rými fyrir tvær akreinar þótt í bráð sé gert ráð fyrir einni akrein í hvora átt. Auk þess eru hringtorg afleitt umhverfi fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur og því óviðeigandi í miðbæjarumhverfi þar sem umferð gangandi og hjólandi vegfarenda er mikil.</p> <p>Skipulagsnefnd tekur undir sjónarmið um mikilvægi þessarar tengingar milli N-Brekku og Oddeyrar og leggur áherslu á að göturými Gránufélagsgötu verði styrkt m.a. með lagfæringu gatnamóta við Glerárgötu. Umferðarljós verði færð að gatnamótum og gatnamótin útfærð á viðeigandi hátt miðað við stöðu þeirra í bæjarmynd miðbæjarins eins og lagt er til í rammaskipulaginu. Breyta þarf deiliskipulagi miðbæjar til samræmis við þessa stefnu. Umferðarásinn Oddeyrargata – Gránufélagsgata verður ætlaður gangandi og hjólandi vegfarendum og verður ekki aðkomuleið fyrir bíla inn á Oddeyri. Í deiliskipulagi miðbæjar er gert ráð fyrir einni af megináðkomuleiðum</p>

				<p>fyrir akandi umferð inn í hverfið við Grænugötu, um 60 m norðan við Eiðsvallagötu.</p> <p>Ekki er fallist á að afrein verði gerð úr suðri af Glerárgötu inn á Eiðsvallagötu þar sem það skerðir öryggi gangandi og hjólandi vegfarenda auk þess sem góð tenging fyrir bílaumferð verður um Grænugötu.</p> <p>Hugmyndir um að fjölga tengingum við Oddeyrina eru áhugaverðar en skipulagsráð telur að svo komnu ekki tímabært að ráðast í slíkar breytingar þegar útfærsla Glerárgötu liggur ekki endanlega fyrir né framtíðarskipulag Akureyrarvallar.</p>
2	7.6.2017	Útgerðarfélag Akureyrar, Arna McClure hdl.	<p>Gerðar eru athugasemdir um skerðingu lóðar Útgerðarfélagsins vegna breyttrar legu Laufásögötu, lagningu þjónustugötu meðfram viðleguköntum og að blönduð byggð verði nærri ÚA.</p> <ol style="list-style-type: none"> Tillagan gengur í berhögg við samþykkt um verndun trjáa. Tillögu um nýja þjónustugötu meðfram viðlegukanti er andmælt. Mótmælt er fyrirhugaðri breyttri legu Laufásögötu yfir hluta lóðar ÚA. Gerð er athugasemd við áhrifamat. Bent er á að skv. greiningu á bls. 61 sé framlögð tillaga sísti kosturinn. Óljós athugasemd um árekstra við nágretta vegna truflunar frá atvinnustarfsemi. Ekki er gerð bein athugasemd um þetta atriði. <p>Þess er óskað að Akureyrarbær falli frá tillögunni þar sem hún muni þrengja mjög að starfsemi ÚA og auka hættu á árekstrum við nábúa í framtíðinni.</p>	<ol style="list-style-type: none"> Þvert yfir lóð ÚA frá austri til vesturs er röð aspa sem gætu verið um 8 m háar. Annar gróður á svæðinu er lægri. Vernd trjágróðurs skv. samþykkt um verndun trjáa á Akureyri er ekki skilyrðislaus. Með hliðsjón af stað og umhverfi og reynslu við flutning og gróðursetningu stórra aspa verður ekki séð að brotið sé gegn samþykktinni. Fallið er frá áformum um þjónustugötu meðfram sjónum þar sem það skerðir athafnasvæði viðkomandi fyrirtækja. Skipulagsráð tekur undir sjónarmið bréfitara um skerðingu lóðar og leggur til að kannað verði hvort mögulegt sé að hún þjóni fyrirhuguðu hlutverki sínu með tengingu við Hjalteyrargötu um Silfurtanga eða á suðurjaðri lóðar ÚA. Kostagreining á bls. 61 sýnir samanburð á Laufásögötu sem tengibraut (skv. gildandi aðalskipulagi) og Hjalteyrargötu sem tengibraut (núverandi staða og tillaga að rammaskipulagi). Samanburðurinn styður við skipulagstillöguna. Þar kemur m.a. fram að með Laufásögötu sem tengibraut verða áhrif á lóðamál ÚA neikvæð. Skipulagsráð er meðvitað um áhyggjur rekstraraðila á svæðinu hvað þetta varðar. Með endurnýtingu athafnasvæða með blandaðri byggð í nágrenni við aðra atvinnustarfsemi, sem getur haft áhrif á umhverfi sitt með lykt og hávaða, jafnvel allan sólarhringinn, er viss hættu á að íbúar muni með tímanum krefjast sömu umhverfisgæða og í íbúðarhverfum. T.d. verður unnt að vísa til reglugerða um hljóðvist í því sambandi. Við undirbúning og skipulag íbúðarbyggðar á núverandi athafnasvæðum nálægt höfninni er mikilvægt að huga að því hvernig haga

				<p>megi byggð og skilmálum um íbúðarhús þannig að slík byggð þrenni ekki að svigrúmi þeirra fyrirtækja sem fyrir eru og gert er ráð fyrir að verði áfram á svæðinu. Í deiliskipulagi mætti t.d. skilgreina álags- og hlélliðar íbúða eins og gert er gagnvart umferðargötum. Einnig þarf að kanna gildi þess að setja ákvæði um þessi mál þannig að þau haldi gagnvart hagsmunaaðilum, þ.e. að þau sérkenni og gæði sem nú er horft til með íbúðarbyggð í nábýli við höfn og atvinnustarfsemi snúist ekki upp í andhverfu sína.</p>
3	31.5.2017	BS kreppa ehf., Bjarni Sigurjónsson	<p>Samkvæmt uppdráttum virðist sem opna eigi fyrir Eiðsvallagötu niður að Laufásgötu. Því er mótmælt, er mikil eignaskerðing fyrir lóðarhafa, bréfrítara. Lagt er til að lóðir Kaldbaksgötu 6 og 8 verði sameinaðar í eina lóð, Laufásgötu 7.</p>	<p>Í tillögu að rammaskipulagi er miðað við að unnið verði með gatnanet Oddeyri og það framlengt eða endurheimt á milli Hjalteyrargötu og Laufásgötu. Jafnframt er lagt til að haldið verði opnum sjónlínnum til austurs í framhaldi af Gránufélagsgötu, Eiðsvallagötu og Eyrarvegi. Er þetta ákveðinn dráttur í bæjarmynd hverfisins.</p> <p>Í rammaskipulaginu er sett fram stefna um endurbyggingu svæðisins milli Hjalteyrargötu og Laufásgötu. Sú stefna verður útfærð í deiliskipulagi þegar framkvæmdaaðilar, hvort sem það verður Akureyrarbær eða lóðarhafar og eigendur fasteigna á svæðinu, koma sér saman um uppbyggingaráform. Fram að þeim tíma verður óbreytt landnotkun og lóðaskipting. Nýjar götur s.s. framlenging Eiðsvallagötu verða ekki lagðar fyrir.</p> <p>Í stefnu skipulagsins felast tækifæri til framtíðar og ber að líta skipulagstillöguna þeim augum enda hindrar hún á engan hátt núverandi samþykktu og lögmæta nýtingu fasteigna á svæðinu.</p>